

Héraðsdómur Vesturlands

D Ó M U R

10. júní 2022

Mál nr. E-123/2020

Kristján Rósberg Guðmundsson o.fl.

(Ólafur Björnsson lögmaður)

gegn

Íslenska ríkinu

(Andri Andrasón lögmaður)

Dómkröfur, aðild og málsmeðferð

1. Mál þetta var höfðað 27. apríl 2020 og þingfest fyrir dómnum 5. maí það ár.

2. Stefnendur eru í þeirri röð sem þeir eru tilgreindir í stefnu málsins, Kristján Rósberg Guðmundsson, Kaplaskjólsvégi 63, 107 Reykjavík, Elín Guðrún Gunnlaugdóttir, Stóragerði 38, 108 Reykjavík, Kristjana Leifsdóttir, Lundi 11, 200 Kópavogi, Jóhannes Brynjólfur H Áspórssón, Strandaseli 3, 109 Reykjavík, Kristófer Valdimarsson, Strandvegi 20, 210 Garðabæ, Hjörtur Valdimarsson, Strandvegi 15, 210 Garðabæ, Karólína Rut Valdimarsdóttir, Borgarbraut 65A, 310 Borgarnesi, Gunnlaugur Þór Kristfinnsson, Noregi, Christa Hörpudóttir, Noregi, Gunnar Áspórssón, Suðurhólum 18, 111 Reykjavík, Hörður Ragnarsson, Breiðvangi 20, 220 Hafnarfirði, Kjartan Ragnarsson, Hamravík 18, 310 Borgarnesi, Guðmundur Örn Ragnarsson, Hávallahötu 10, 101 Reykjavík, Inga Sigríður Ragnarsdóttir, Ljósavallagötu 32, 101 Reykjavík, Kristján Hafsteinn Leifsson, Holtsvegi 37, 210 Garðabæ, Sigríður Einarsdóttir, Ökrum 2, 356 Snæfellsbæ, Krístrún Sæbjörnsdóttir, Ásgarði 2, 108 Reykjavík, Stefán Óli Sæbjörnsson, Rauðalæk 11, 105 Reykjavík, Björn Guðmundur Sæbjörnsson, Lyngdal 4, 190 Vogum, Þorvarður Gunnlaugsson, Noregi, Ólína Gunnlaugsdóttir, Ökrum, 356 Snæfellsbæ, Kristín Erla Valdimarsdóttir, Hraunbæ 103, 110 Reykjavík, Valgerður G

Valdimarsdóttir, Sléttuvegi 15, 103 Reykjavík, Jóna Guðríður Hörpudóttir, Hraunbæ 38, 110 Reykjavík og Sigurbjörg Fjóla Farrell, Bandaríkjunum

Í stefnu er útskýrt að stefnendur eru eigendur jarðarinnar Miðvalla á Snæfellsnesi, en land hennar tekur að hluta til hins umþrætta svæðis sem óbyggðanefnd telur þjóðlendu á Snæfellsnesi, sem er ágreiningssvæðið í máli þessu. Stefndi, íslenska ríkið, er eigandi þjóðlendu á hinu umþrætta svæði. Meðal eigenda Miðvalla séu db. Snæbjörns Valdimarssonar og db. Katrínar Guðmundsdóttur, en hluti stefnenda samkvæmt framangreindu séu erfingjar í þessum búum og koma í stað dánarbúana í málshöfðun þessari.

3. Stefndi í málinu er íslenska ríkið, Vegmúla 3, 150 Reykjavík,

4. Mál þetta er höfðað til ógildingar á úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 1/2018, að því leyti sem úrskurðurinn tekur til eignarlands Miðvalla sunnan og austan Snæfellsjökuls, sem úrskurðað var þjóðlenda.

5. Stefnendur krefjast þess að felldur verði úr gildi, að hluta, úrskurður óbyggðanefndar frá 15. ágúst 2019 í málinu nr. 1/2018, Snæfellsjökull og landsvæði sunnan og austan hans, þess efnis að landsvæði sunnan og austan Snæfellsjökuls, er telst til jarðarinnar Miðvalla, landnr. 136300, sé þjóðlenda, þ.e. eftirtalið landsvæði: „Upphafspunktur er Stagfell (p. 2), þaðan í fjall upp að vatnaskilum (p. 3 og 4) og þaðan í miðja Djúpugróf (p. 5).“

6. Þess er krafist að viðurkennt verði með dómi að enga þjóðlendu sé að finna á umþrættu svæði

7. Þá er þess krafist að stefnda verði gert að greiða stefnendum málskostnað að skaðlausu í samræmi við framlagðan málskostnaðarreikning.

8. Stefndi, íslenska ríkið, krefst sýknu af öllum dómkröfum stefnenda.

9. Stefndi krefst þess að stefnendur verði óskipt dæmdir til að greiða stefnda málskostnað að skaðlausu skv. mati dómsins eða síðar framlögðum málskostnaðarreikningi. Til vara er þess krafist að aðilar beri sinn kostnað af málinu.

10. Gengið var á vettvang í málinu fimmtudaginn 28. október sl. Vettvangsganga fór fram samtímis vegna fjögurra mála sem rekin eru fyrir dómnum og varða afar keimlík úrlausnarefni og samskonar og samliggjandi landsvæði. Þetta eru mál nr. E-122/2020, E-

123/2020, E-124/2020 og E-125/2020 við dóminn.

11. Í vettvangsgöngu mættu ásamt dómara lögmenn málsins og þeir aðilar máls sem töldu ástæðu til, en lögmaður stefnenda sá um boðun þeirra. Lítilsháttar ófærð hamlaði því þó að hægt væri að skoða allt svæðið eins og til stóð, en veður var bjart og gott og mátu sakflytjendur og dómari það svo að sú útsýn sem var nægði til að dómari áttaði sig vel á staðháttum og andlagi deilu aðila. Engar skýrslur voru teknar fyrir dómi.

12. Við upphaf munnlegs málflutnings 26. apríl 2022, lagði lögmaður stefnenda fram breytta kröfugerð frá stefnu, sem hann áður hafði boðað og sent dómnum, einkum til einföldunar. Engar athugasemdir voru gerðar við breytinguna af hálfu stefnda eða dómsins. Aðalmeðferð málsins var lokið þennan dag í öllum framangreindum málum og þau dómtekin að henni lokinni.

13. Gætt var ákvæða 115. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála fyrir uppkvaðningu dóms í málinu.

Málsatvik

14. Samkvæmt ákvæðum laga nr. 58/1998 um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta skal óbyggðanefnd kanna og skera úr um hvaða land teljist til þjóðlendna og hver séu mörk þeirra og eignarlanda, skera úr um mörk þess hluta þjóðlendu sem nýttur er sem afréttur og úrskurða um eignarréttindi innan þjóðlendna.

15. Með bréfi, 17. september 2014, tilkynnti óbyggðanefnd fjármálaráðherra þá ákvörðun sína að taka til umfjöllunar svæði 9, sbr. 8. gr. og 1. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998. Að ákvörðun óbyggðanefndar var svæði 9 síðar skipt í tvennt, svæði 9A og 9B. Ágreiningssvæðið í máli þessu fellur innan svæðis 9B, Snæfellsnes ásamt fyrrum Kolbeinsstaðahreppi og fyrrum Skógarstrandahreppi.

16. Með auglýsingu í Lögbirtingablaðinu er birtist í febrúar 2018 var skorað á þá sem töldu sig eiga eignarréttindi að landi sem félli innan þjóðlendukröfusvæðis ríkisins, á Snæfellsnesi (Svæði 9B) að lýsa kröfu sinni til landsins fyrir óbyggðanefnd og skila með henni heimildum og gögnum sem kröfulýsingin byggist á.

17. Í kröfulýsingu stefnenda fyrir óbyggðanefnd, vegna Miðvalla var þess krafist aðallega að þjóðlendukröfu ríkisins til svæðisins yrði hafnað og viðurkennt yrði að enga þjóðlendu væri að finna innan merkja svæðisins, enda teldist allt svæðið vera innan þinglýstra landamerkja og undiropið beinum eignarétti.

18. Óbyggðanefnd komst að þeirri niðurstöðu að þjóðlendukröfusvæði stefnda, þ.e. Snæfellsjökull og landsvæðið sunnan og austan Snæfellsjökuls, væri allt utan landamerkja aðliggjandi jarða, að frátöldum tveimur svæðum, og að það væri þjóðlenda,

þ.á m. það svæði sem krafa stefnenda í máli þessu tekur til, en landsvæðið sem úrskurðað var þjóðlenda afmarkast svo:

„Landsvæðið sunnan og austan Snæfellsjökuls: Upphafspunktur er á vatnaskilum við Hamraendafjall sunnan við Folahnúk. Þaðan er farið eftir vatnaskilum milli norðurs og suðurs, vestur í Geldingafell og þaðan stystu leið að jaðri Snæfellsjökuls. Miðað er við jökuljaðarinn eins og hann var við gildistöku þjóðlendulaga nr. 58/1998, 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. laganna. Jökuljaðrinum er svo fylgt suður og síðan vestur að þeim stað á jökuljaðrinum sem er á móts við Merkjahrygg. Þaðan er línán dregin úr jökuljaðrinum beina stefnu í Stagfell og þaðan beint í efsta hluta Norðurhlíðar við Norðurgil sem blasir við úr Djúpugróf. Þaðan er línán dregin beint í merkjastrípu (stóran klett) í vesturhlíð Stapafells og þaðan beint í vesturbarm Rauðfeldargjár, sem er ofarlega í Botnsfjalli. Þaðan er línán dregin beint í Barná þar sem hún fellur fram af hamrinum og þaðan beint í upptök Hamraendalækjar. Frá upptökum Hamraendalækjar er línán dregin beina stefnu í Þórishamar, þaðan er farið beint í Grafarhnúk og þaðan upp á vatnaskil við Hamraendafjall sunnan við Folahnúk, sem er upphafspunktur.

Snæfellsjökull: Jaðri Snæfellsjökuls er fylgt umhverfis jökulinn. Miðað er við stöðu jökulsins eins og hann var við gildistöku þjóðlendulaga nr. 58/1998, 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. laganna.“

19. Stefnendur gátu ekki unað úrskurði óbyggðanefndar frá 15. ágúst 2019 og höfðuðu því þetta mál til ógildingar á honum.

20. Stefnendur reifa ítarlega í stefnu málsins sögu Miðvalla og eignarheimildir, en vísa þó einkum til bls. 50-53 í úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 1/2018, og til kröfulýsingar stefnenda fyrir svæðinu til óbyggðanefndar ásamt fylgigögnum, sem og greinargerðar stefnenda til óbyggðanefndar, dagsettrar 10. janúar 2019,. Þessi gögn eru aðgengileg öllum og þykir ekki ástæða til að taka þessar reifanir upp í dóm þennan en til þeirra vísað eftir þörfum við úrlausn málsins.

Málsástæður og lagarök stefnenda

21. Stefnendur telja að umrætt landsvæði eins og því er lýst hér að framan sé háð eignarrétti eða sé eign þeirra, sem njóti verndar 72. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 (stjkskr.), sbr. 10. gr. stjórnskipunarlaganna nr. 97/1995 og 1. gr. samningsviðauka nr. 1 við mannréttindasáttmála Evrópu sem lögfestur hefur verið með lögum nr. 62/1994 (MSE). Hluti landsvæðisins sunnan og austan Snæfellsjökuls geti því ekki talist þjóðlenda, enda innan þinglýstra landamerkja jarðarinnar Miðvalla að hluta.

22. Stefnendur byggja á því að landsvæði það sem hér er deilt um eignarrétt á, eins og það er afmarkað í úrskurði óbyggðanefndar, hafi frá öndverðu verið numið. Sá eignarréttur hefur ekki fallið niður síðan og er hið umdeilda land því í eign stefnenda.

23. Vísa stefnendur til Sturlubókar Landnámu þar sé greint frá því að Sölvi hafi numið land milli Hellis og Hraunhafnar en í Hauksbók er hann sagður hafa numið land milli Hellishrauns og Sleggjubeinsár. Í Sturlubók og Hauksbók Landnámu er Sigmundur Ketilsson sagður hafa numið land milli Hellishrauns og Beruvíkurhrauns og Grímcell Úlfsson er sagður hafa numið land frá Beruvíkurhrauni til Neshrauns og út um Öndverðarnes og rekið þaðan burt Saxa Álfarinsson Válasonar. Álfarinn Válason er sagður hafa numið land á nesinu milli Beruvíkurhrauns og Ennis og Ólafur belgur fyrir innan Enni, allt til Fróðár. Í Sturlubók, Hauksbók og Melabók Landnámu segir svo að Ormur hinn mjói hafi numið land milli Ennis og Höfða, eftir að hafa rekið burt Ólaf belg.

24. Í úrskurði óbyggðanefndar á bls. 97 komi fram að af frásögnunum verði ekki ráðið hvort ágreiningssvæðið hafi verið numið, enda komi ekki fram hversu hátt til fjalla landnám á svæðinu hafi náð. Sé tekið mið af staðháttum og fjarlægðum við túlkun landnámslýsinga telji óbyggðanefnd þó verða að telja líklegt að svæðið hafi verið numið, a.m.k. að verulegu leyti, utan Snæfellsjökuls, þó svo að fjallsbrúnir myndi nokkuð skörp skil milli fjallendis og láglendis á austurmörkum svæðisins. Þó geri nefndin þann fyrirvara að óvissa um aðferðir við landnám og umfang þess hverju sinni sé það mikil að ekki verði fullýrt með afdráttarlausum hætti um nákvæma stærð þess, sbr. umfjöllun um landnám í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

25. Á því er byggt af hálfu stefnenda að landsvæðið, sem hér er deilt um eignarrétt á, sé innan marka upphaflegs landnáms á Snæfellsnesi. Stefnendur byggja á því að allt land á Snæfellsnesi hafi frá landnámi verið undirorpið beinum eignarrétti. Engir almenningar og afréttir séu á svæðinu og nýting og búseta bendi til þess að allt land á svæðinu hafi verið nytjað allt frá landnámi og tilheyrt ákveðnum jörðum, sbr. meðal annars sýslu- og sóknalýsingar frá 1839-1875 þar sem segir um Breiðavíkurhrepp að ekki séu þar afréttarlönd og því síður almenningar, þar sem fjöllin séu ekki annað en heimalönd.

26. Jafnframt vísa stefnendur í þessu tilliti til svars sýslumannsins í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu við fyrirspurn Stjórnarráðs Íslands frá árinu 1920 um almenninga í sýslunni þar sem fram kemur að í sýslunni séu engir almenningar, heldur eingöngu heimalönd, og að lönd jarðanna norðan og sunnan Snæfellsnesfjallgarðsins jaðri hvarvetna saman á háfjallgarðinum að því er séð verði af landamerkjabók sýslunnar. Ekki séu til afréttarlönd í sýslunni í eigu sveitarfélaga og því sé hvergi í sýslunni um að ræða önnur upprekstrarlönd en heimalönd jarða. Svæðið sé ekki mjög hálent, allvel gróið og frekar einsleitt, og því ekki rök til að efast um að landnámslýsingar nái yfir það.

27. Stefnendur benda á að óbyggðanefnd virðist horfa framhjá því að sambærileg lönd á Snæfellsnesi, sem standa norðan og vestan við vatnaskil þau sem um ræðir, séu viðurkennd eignarlönd. Þrætusvæðið ætti að falla í sama flokk, enda sambærilegt land að gæðum og að uppruna, og eignarréttur sambærilega skráður. Engin rök hnígi að þeirri niðurstöðu að kröfusvæðið hafi aðra eignarréttarlega stöðu en aðrar jarðeignir á Snæfellsnesi sem almennt hafi verið viðurkenndar sem eignarland.

28. Það vekir þannig sérstaka athygli í þessu tilliti að ekki hafi verið gerð samsvarandi krafa af hálfu ríkisins um landsvæði sem liggja að Snæfellsjökli að vestan og norðan, sem eins er ástætt um að þessu leyti og það svæði sem ræðir um hér.

29. Stefnendur benda á að oft hafi Landnáma í dómum Hæstaréttar verið túlkuð þannig að hún styðji við beinan eignarrétt. Hið sama hafi gerst í almennum niðurstöðum óbyggðarnefndar í fyrri úrskurðum.

30. Virðist hugmyndir ríkisins, þess efnis að svæði þetta hafi aldrei verið undirorpið beinum eignarrétti og nýting þess hafi ekki verið með þeim hætti, úr lausu lofti gripnar og stangast á við fornar heimildir um eignarrétt á þessu svæði samkvæmt framlögðum eldri skjölum sé ljóst að allt land á Snæfellsnesi hafi verið háð beinum eignarrétti.

31. Ekkert sé fram komið sem bendi til þess að landsvæðið hafi verið undirorpið annars konar eignarrétti. Landsvæðið sé beintengt hinum hluta jarðarinnar og ekkert sérstakt sem aðskilji það frá þeim hluta. Allt bendi því til þess að þessi hluti jarðarinnar sé eignarland, rétt eins og aðrir hlutar hennar.

32. Stefnendur byggja eignarréttarkröfu sína einnig á þeirri meginreglu íslensks eignarréttar að jörð með þinglýstum landamerkjum sé eignarland og að sá sem haldi öðru fram hafi sönnunarbyrði fyrir því.

33. Við setningu landamerkjagagna nr. 5/1882 og síðan laga nr. 41/1919 hafi það verið ætlun löggjafans að framkvæmdavaldið hefði frumkvæði að því að gengið yrði frá landamerkjum jarðeigna, þau skráð og leyst úr ágreiningi um þau ef hann væri fyrir hendi.

34. Með vísan til landamerkjagagna og tilgangs þeirra byggja stefnendur á því að landamerkjabréf jarðarinnar bendi til þess að um sé að ræða landsvæði sem sé háð beinum eignarrétti.

35. Landnámsheimildir á Snæfellsnesi fari ekki í bága við landamerkjalýsingar í landamerkjabréfi jarðarinnar Hellna, frá 27. ágúst 1887, þar sem landamerkjum milli Hellna og Miðvalla er lýst, og dóm vegna landamerkjadeilna milli Miðvalla og Dagverðarár frá 12. ágúst 1795, og ljóst sé að við landnám hafi landið verið betur gróið en nú er. Bent er á að landnám hafi verið samfellt á þessum slóðum svo sem almennt virðist hafa tíðkast á Íslandi, sbr. þjóðlendudóma Hæstaréttar í Mýrdal.

36. Með vísan til Landnámu sé ljóst að hið umþrætta land hafi verið í óslitinni einkaeign frá landnámi, en ekki almenningur eða afréttur. Landeigendur telja því að fyrir liggi að allt land á Snæfellsnesi hafi frá landnámi verið undirorpið beinum eignarrétti.

37. Landamerki Miðvalla séu mjög gömul, en jarðarinnar sé getið í fornum ritum. Engir almenningar og afréttir séu á svæðinu og nýting og búseta bendi til þess að allt land á svæðinu hafi verið nytjað allt frá landnámi, og tilheyrt ákveðnum jörðum, sbr. meðal annars sýslu- og sóknalýsingar frá 1839-1875 þar sem segi um Breiðavíkurrepp að ekki séu þar afréttarlönd og því síður almenningar, þar sem fjöllin séu ekki annað en heimalönd.

38. Sérstaklega sé vísað til heimildaskjala, fornra og nýrra, sem sýni ótvírætt fram á beinan eignarrétt landeigenda Miðvalla í gegnum tíðina. Byggir krafa stefnenda m.a. á þinglýstum afsölum, sýslu- og sóknalýsingum, jarðamötum og jarðabókum og fleiri þeim skjölum er varði Miðvelli og vísað sé hér til. Þá byggir krafan á þinglýstri landamerkjaskýrslu fyrir Hellna, frá 27. ágúst 1887, dómi vegna landamerkjadeilna á milli Miðvalla og Dagverðará, afsögðum 12. ágúst 1795 og upplesinn fyrir manntalsþingrétti að Brekkubæ 19. maí 1824, og útmælingu á Miðvöllum frá árinu 1833.

39. Ekkert eiginlegt landamerkjabréf sé til fyrir Miðvelli, og því sé stuðst við framangreindar heimildir. Hins vegar séu til heimildir fyrir því að landamerki Miðvalla hafi verið lögfest, sbr. manntalsþing höldnu að Brekkubæ þann 20. maí árið 1857, þar sem landamerki Miðvalla voru lögfest með lögfestu dagsettri 18. maí 1857, en hin lögfesta landamerkjalýsing hafi þó ekki verið færð til bókar.

40. Stefnendur halda því fram að engar heimildir séu um að land þetta hafi nokkurn tíma færst undan einkaeignarrétti, eða eignarréttur á því týnst. Þau fáu skrif, sem til séu um svæðið bendi einmitt til hins gagnstæða en samkvæmt elstu heimildum um Miðvelli, kaupmálabréfi dagsettu 30. október árið 1538 hafi Miðvellir verið einkaeign.

41. Lítið sé til af gögnum af svæðinu, en þau gögn sem hafi fundist gangi ekki gegn þeim landamerkjalýsingum sem hér sé stuðst við. Landamerkjalýsing á milli Hellna og Miðvalla eigi sér meðal annars stoð í þremur vitnisburðum frá 17. öld, þeim elsta dagsettum í október árið 1622. Einnig í fjórum vitnisburðum um landamerki Hellisvalla sem voru allir útgefnir árið 1789 og í landamerkjalýsingum Hellna í uppskrift af landsreglunni á Hellirsvöllum frá 8. maí 1804. Landamerkjum Miðvalla sé jafnframt lýst í útmælingu á Miðvöllum frá árinu 1833.

42. Telja stefnendur ljóst af þessum heimildum að jörðin hafi átt töluvert stærra landsvæði, en óbyggðanefnd telji í úrskurði sínum.

43. Stefnendur vilja benda á að landamerkjalyásingar jarðarinnar, sem og aðliggjandi jarða, séu haldnar þeim ágalla að merkjum jarðanna til fjalla sé ekki lýst sérstaklega, heldur aðeins lýst merkjum á milli jarðanna sjálfra á láglandi.

44. Gera stefnendur athugasemd við niðurstöðukafla óbyggðanefndar í úrskurði sínum á bls. 116-120, en þar fjalli nefndin um landamerki Miðvalla gagnvart aðliggjandi jörðum. Þar segir eftirfarandi um landamerki milli Miðvalla og Dagverðarár á bls. 116:

„Stagfell er nyrsta örnefnið sem [...] er getið um á merkjum Dagverðarár og Miðvalla og virðist hafa verið óumdeilt að merkin lægju um það [...] Framangreindar heimildir styðja að mati óbyggðanefndar ekki að merki milli Dagverðarár og Miðvalla nái lengra norður en í Stagfell.“

45. Um landamerki milli Hellna og Miðvalla segir á bls. 118-120:

„Í landamerkjabréfinu er nyrsta hluta merkjanna lýst „í miðja Djúpugróf beint í fjall upp“. [...] Óbyggðanefnd telur að ekki verði dregnar afdráttarlausar ályktanir um hvaða fjall sé átt við með orðunum „í fjall upp“ af lestri landamerkjabréfsins og því þurfi að túlka það með hliðsjón af öðrum heimildum um merki jarðanna og staðháttum. [...] Nyrstu merkjapunktarnir á merkjum Miðvalla og Hellna í vitnisburðunum frá 17. öld og svokallaðri „landsreglu á Hellirsvöllum“ frá 1804 eru „þriostarhlíð“ og Borgardalur. Samkvæmt örnefnaskrár fyrir Hellna er Borgardalur kvos milli Litlahrauns og Háuborgar sem er stór klettaborg norðaustur af Litlahrauni. Norðan við Borgardal er hlíð nokkur sem kölluð er Miðvallahlíð og norðan við hana er Norðurhlíð en Norðurgil skilur á milli hlíðanna tveggja. [...] Telja verður líklegt að í framangreindum vitnisburðum frá 17. öld sé með örnefninu „þriostarhlíð“ vísað til Hríósturhlíðar eða Hríóstruhlíðar, sem nú gengur undir nafninu Miðvallahlíð. [...] Miðvallahlíð og Norðurhlíð rísa nokkuð skarpt upp frá Djúpugróf og mynda nokkurs konar fjallsbrún í svipaðri hæð og Stagfell sem er aðeins vestar. Fyrir ofan hlíðarnar er landið aflíðandi upp að Snæfellsjökli. Því má segja að nokkuð skörp náttúruleg skil séu á landinu efst í Miðvalla- og Norðurhlíð. [...] Að teknu tilliti til þess sem hér hefur verið rakið um staðhætti og samanburðarskýringar á landamerkjabréfum á vestanverðu Snæfellsnesi er það niðurstaða óbyggðanefndar að með orðunum „í fjall upp“ í landamerkjabréfi Hellna frá 1887 hafi verið átt við efsta hluta Norðurhlíðar við Norðurgil, sem blasir við úr Djúpugróf.“

46. Á bls. 122 í úrskurðinum segi síðan um niðurstöðu óbyggðarnefndar um suðurmerki ágreiningssvæðisins:

„Merkjum milli þessara efstu merkjapunkta er ekki lýst í fyrirbyggjandi heimildum og ekki er fyrir að fara glöggum náttúrulegum skilum á borð við vatnaskil, sem eðlilegt er að styðjast við hér. Þegar svo háttar til hefur óbyggðanefnd í fyrri úrskurðum jafnan talið eðlilegast að draga beina línu milli efstu punkta á merkjum jarða hvorum megin og hefur sú niðurstaða verið staðfest af Hæstarétti. Eðlilegt verður talið að gera svo hér, og draga beina línu milli jökulrandar Snæfellsjökuls við Merkjahrygg og Stagfells, í samræmi við kröfulínu íslenska ríkisins. Þaðan er línan dregin áfram beint í efsta hluta Norðurhlíðar,

rétt norðan við kröfulínu ríkisins, og þaðan í stóran klett í vesturhlíð Stapafells. Að teknu tilliti til þess sem hér hefur verið rakið er það niðurstaða óbyggðanefndar að merki Dagverðarár, Miðvalla og Hellna nái ekki lengra til norðurs en að umræddri línu.“

47. Stefnendur vilja benda á nokkur sjónarmið hvað þetta varði. Fyrst vilja stefnendur undirstrika það sem komi fram í úrskurðinum að merkjum sé ekki lýst milli þessara efstu merkjapunkta. Telja stefnendur ástæðu þess vera, og vilja áréttta, að almennt á þessu svæði sé miðað við vatnaskil og fjallseggjar um efri merki jarða. Þótti því almennt ekki rík þörf á að skilgreina landamerki að því leyti.

48. Þá telja stefnendur rangt metið hjá óbyggðanefnd að ekki hafi verið fyrir að fara glöggum náttúrulegum skilum á borð við vatnaskil á svæðinu.

49. Einnig gera stefnendur nokkrar athugasemdir við úrskurð óbyggðanefndar er varða Stagfell, Miðvallarhlíð og Norðurhlíð. Stefnendur telja að með því að lýsa merkjum í Stagfell hafi merkjum í raun verið vísað í jökulinn. Megi það t.d. sjá í hinu svonefnda ástæðuþingi sem haldið var vegna landamerkjadeilna á milli Miðvalla og Dagverðarár, þann 12. ágúst 1795, þar sem m.a. er talað um „Stagfell í Jöklinum“. Einnig segi í dómnum, sem var upplesinn fyrir manntalsþingrétti að Brekkubæ 19. maí 1824, að landmerki milli Miðvalla og Dagverðará skuli álitast „ad ofan í midt Stagfell“. Telja stefnendur að þetta orðalag sem og nafnið „stag“ bendi til þess að jökulinn hafi verið töluvert nær fjallinu en hann nú er, líkt og reyndar má sjá af mörkum Snæfellsjökuls um 1890.

50. Þá vísa stefnendur einnig til örnefnaskrár Kristjáns Eiríkssonar frá 1977 fyrir Hellna, þar sem hann m.a. lýsir merkjum jarðarinnar með eftirfarandi hætti: „[...] Að utan eru merkin við sjó úr litlum fossi neðst í Dagverðará og beina sjónhendingu upp í Stagfell, þar sem það er hæst. á þeirri leið rennur áin (þ.e. Dagverðará) víða á merkjum. þar fyrir ofan tekur jökulinn við og eru þar engin sérstök merki tilgreind.“ Í örnefnaskránni segi einnig eftirfarandi um Stagfell: „Fjallið upp af Hjartabrekkum heitir Stagfell (255). Er það Toppmynduð eldkeila upp úr fjallinu og í henni rauð leit gosmöl og víða margbreytilegir litir. Stuttu ofan við S[t]agfell tekur svo Jökulinn við.“

51. Jafnframt vilja stefnendur ítreka að samkvæmt landamerkjabréfi fyrir Hellnabláss frá 27. ágúst 1887 segi um landamerki milli Hellna og Miðvalla að merkin nái „í fjall upp“. Röksemdir óbyggðanefndar í úrskurði sínum skv. framangreindu hvað þetta varðar verði að teljast leggja óeðlilega þunga sönnunarbyrði á herðar stefnendum, enda á í engu að skipta máli í þessum efnum hvort orðalagið „vatnaskil“ hafi verið notað í landamerkjalyðsingunni, enda hafi orðalagið „í fjall upp“ verið túlkað með sambærilegum hætti og orðalagið „vatnaskil“ við úrlausn slíkra mála.

52. Vilja stefnendur benda á, í þessu samhengi, þá fjölmörgu vitnisburði um landamerki, sem vísað sé hér til, en meðal þeirra séu vitnisburðir um „landamerki Hellnajarða undir jökli“. Telja stefnendur að með þessu orðalagi, hafi merkjum vissulega verið lýst í

jökulinn, þótt þeim sé aðeins lýst úr „þriostarhlíð“ eða Miðvallahlíð, enda hafi verið litið svo á að jarðir næðu að jökli og því hafi ekki verið talin sérstök þörf á að tilgreina það.

53. Það sama eigi við um lýsingu landamerkja Miðvalla í útmælingu á Miðvöllum frá árinu 1833 þar sem merkjum sé lýst með sambærilegum hætti. Í þessu samhengi vilja stefnendur benda á örnefnaskrá Kristjáns Eiríkssonar frá 1977 fyrir Hellna þar sem eftirfarandi komi m.a. fram: „Ofan Háaborgar taka við rætur Jökulsins og heita þar Miðvallahlíð (227), en Háaborg er niður af miðri hlíðinni. Á seinni árum hefur stöðugt gengið á jökulinn. Nú tekur alltaf upp snjó úr Miðvallahlíð, en fyrst þegar Gunnar og Magnfríður muna eftir hældust skaflar sumarlangt niður undir miðja Miðvallahlíð.“ Með orðalaginu „í fjall upp“ telja stefnendur því ljóst að merkjum sé í raun lýst í jökulinn, enda hafi hann þá náð töluvert lengra niður en nú.

54. Stefnendur telja því rétt að vatnaskil ráði merkjum, svo sem almennt sé á þessu svæði, og miða beri við þau og þá túlkun að miðað sé við hvert regndropi fellur.

55. Loks vilja stefnendur benda á að engar heimildir séu fyrir því að hið umdeilda landsvæði teljist ekki tilheyra eignarlandi stefnenda, enda hafi það alltaf verið skilningur manna og umtalað að lönd á svæðinu lægju sama upp til fjalla. Hvergi finnist í landamerkjabréfum eða öðrum heimildum heimild fyrir því að þetta svæði teldist til eða væri nokkurn tímann kallað eða skilgreint með orðum eins og „óbyggðir, almenningar eða afréttur“.

56. Stefnendur byggja jafnframt á því að þeir og forverar þeirra hafi farið með ráðstöfun á öllum þeim heimildum/réttindum sem fylgja þeirri eign sem umrætt landsvæði er. Þá hafi þau nýtt umrædda eign til beitar, svo sem rakið er í úrskurði óbyggðanefndar sbr. og það sem fram kom við skýrslutökur hjá óbyggðanefnd.

57. Notkun landsvæðisins í gegnum aldirnar hafi ekki verið með þeim hætti að það flokkist til svokallaðra almenningsafrétta, né heldur hafa það staðið almenningi frítt til afnota. Þvert á móti hafi umþrætt landsvæði verið nýtt af landeigendum eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma, allt frá því að svæðið var numið til eignar.

58. Stefnendur vísa til þess að eignarréttur landeigenda að umþrættu landsvæði hefur verið virtur af öllum, m.a. af stefnda, frá ómunatíð, sem m.a. hafi lýst sér í því að þeir hafi getað bannað öðrum not eignarinnar. Eignarréttur stefnenda hefur verið virtur í öllum viðskiptum varðandi jörðina og því byggist eignarhaldið ennfremur á viðskiptavenju.

59. Stefnendur byggja á því að venjuréttur og hefðarreglur leiði til þeirrar niðurstöðu að umrætt landsvæði sé eign þeirra í skilningi 72. gr. stjkskr. og 1. gr. samningsviðauka nr. 1 við MSE, en fullur hefðartími sé liðinn frá því að þeir tóku landið til einkanota. Öll afnot

og nýttjar landsins séu háðar leyfi landeigenda, enda enginn notað landið með nokkrum hætti nema eigendur þess.

60. Stefnendur byggja m.a. á því að úr því að hefðarlög heimili eignarhefð lands, sem er í opinberri eigu, þeim mun fremur hljóti að vera unnt að hefða land sem ekki er eignarrétti háð. Ákvæði 1. gr. hefðarlaga frá 1905 sé ætlað að taka af öll tvímæli um að hefð verði unnin á verðmæti enda þótt það hafi verið opinber eign.

61. Talið hafi verið af fræðimönnum að eignarhefð verði unnin á landi, hvort heldur er afréttur eða almenningur, ef skilyrðum hefðar er á annað borð fullnægt en að gera verði strangari kröfur um not ef um eigendalaust landsvæði er að tefla. Sjóarmiðum um hefð sé teflt fram til staðfestingar námi, þ.e. til þess að festa í sessi eignarrétt stefnenda.

62. Eigendur hafi farið með öll hefðbundin eignarréttindi jarðarinnar, sem m.a. hafi lýst sér í því að þeir hafi bannað öðrum not eignarinnar. Smölun sauðfjár hafi ætíð verið skipulögð af landeigendum en ekki opinberum aðilum, enginn hafi getað nýtt landið til beitar, hvað þá annars, nema með samningum við landeigendur. Þá hafi þeir borgað af allri eigninni lögboðin gjöld, þ.m.t. eignarskatta.

63. Ítrekað er að 1. gr. samningsviðauka nr. 1 við MSE sé hluti af íslenskum rétti og íslenskum dómstólum beri að taka mið af þeim sjónarmiðum sem lögð eru til grundvallar af Mannréttindadómstól Evrópu (MDE) við mat á því hvort um sé að ræða eign sem nýtur verndar 1. gr. samningsviðauka nr. 1 við MSE.

64. Hafa beri í huga að hugtakið eign í skilningi 1. gr. samningsviðauka nr. 1 við MSE hafi af MDE verið túlkað á þá leið að það hafi sjálfstæða merkingu. Með sjálfstæðri merkingu sé átt við að við mat á því hvort í tilteknu máli sé um að ræða eign sem nýtur verndar 1. gr. þurfi að kanna hvort svo sé samkvæmt innanlandsrétti þess ríkis, sem í hlut á. Skortur á slíkri vernd að landsrétti ráði hins vegar ekki alltaf úrslitum um hvort um eign sé að ræða í skilningi 1. gr. Þannig geti verið um að ræða eign í skilningi ákvæðisins þótt dómstólar viðkomandi aðildarríkis hafi ekki talið að um eign væri að ræða samkvæmt innanlandsrétti þess ríkis.

65. Hér sé það mat MDE með tilliti til atvika í hverju máli fyrir sig sem ráði för. MDE hafi ítrekað áréttað að við mat þetta beri að líta til allra atvika máls í heild sinni. Þannig hafi dómstóllinn bæði litið til staðreynda og lagalegra atriða. Við mat þetta hafi í ákveðnum málum ráðið úrslitum hvernig farið hafði verið með umrædda eign í framkvæmd, sérstaklega í lögskiptum og hvaða traust menn báru til þeirrar framkvæmdar. Þá hafi framkoma handhafa ríkisvaldsins í garð eigenda einnig skipt máli. Í þeim málum þar sem komið hefur verið fram við einstaklinga/lögaðila sem réttmæta eigendur ákveðinna eigna hafi slík framkoma verið talin vekja ákveðnar væntingar hjá

þeim aðilum um löglegt eignarhald sitt á þeim eignum. Af þessu megi ráða að afskipti og afskiptaleysi ríkisvaldsins skipti máli við þetta sönnunarmat.

66. Þannig hafi MDE lagt til grundvallar að væntingar einstaklinga eða lögaðila til að njóta eigna sinna séu verndaðar af 1. gr. samningsviðauka nr. 1 við MSE ef þær eru byggðar á sanngjörnu og réttlætanlegu trausti á réttargerning, sem sé tengdur við eignarréttindi og hefur áreiðanlegan lagagrundvöll.

67. Í úrskurði sínum hafi óbyggðanefnd horft fram hjá því að ríkið hafi í gegnum tíðina farið með ríkisjörðina Arnarstapa í samræmi við að hún sé undirorpin beinum eignarrétti ríkisins upp að vatnaskilum. Jörðin Arnarstapi liggja upp að vatnaskilum með sambærilegum hætti og Hellnar og aðrar jarðir á svæðinu sem óbyggðanefnd úrskurði að hluta þjóðlendur með úrskurði sínum. Meðal annars hafi ríkið leigt út lóðir á efra svæði Arnarstapa til námureksturs á Jökulhálsinum, en um það sé fjallað á bls. 34-36 í úrskurði nefndarinnar. Óbyggðanefnd ákvarðaði efri hluta jarðarinnar Arnarstapa sem þjóðlendu með úrskurði sínum, eins og aðrar jarðir sem líkt er farið um á svæðinu.

68. Í samræmi við framangreinda afstöðu ríkisins til eignarhalds á jörðinni Arnarstapa hafi lögmaður íslenska ríkisins lagt fram minnisblað frá Ríkiseignum, dagsett 25. febrúar 2019, um afmörkun Arnarstapa á Snæfellsnesi, við aðalmeðferð málsins fyrir óbyggðanefnd. Í minnisblaðinu kemur fram að Arnarstapi hafi verið í samfelldri eigu stjórnvalda á Íslandi frá árinu 1556 þegar Danakonungur hafi tekið jörðina eignarnámi af Helgafellsklaustri í kjölfar siðaskiptanna. Þar segir jafnframt að landamerkjálýsingar jarðarinnar frá 1887 á austur- og vesturmörkum nái frá sjó og upp í fjallshlíðar en lýsi ekki hvernig mörkum sé háttað þar fyrir ofan eða á milli efstu punkta í austri og vestri. Litið sé svo á að landamerkjálínur frá efstu punktum í austri og vestri haldi áfram í beina stefnu upp í jökulrætur, enda hafi verið við það miðað í viðræðum milli Ríkiskaupa og Snæfellsbæjar árið 2003. Með minnisblaðinu fylgdi uppdráttur þar sem landamerki Arnarstapa eru teiknuð upp að jaðri Snæfellsjökuls. Þetta sé rakið í úrskurði óbyggðanefndar á bls. 121, en þar komi jafnframt fram að lögmaður ríkisins hafi sagt við aðalmeðferð, að upplýsingarnar breyttu ekki afstöðu íslenska ríkisins í málinu og að kröfugerð þess um að svæðið teldist þjóðlenda væri því óbreytt. Af þessu megi ráða að viðhorf ríkisins til jarðarinnar hafi fram að þessu falist í því að land Arnarstapa sé eignarland upp að vatnaskilum, eða nái upp að jökli.

69. Sé meðferð stefnda, íslenska ríkisins, á jörðinni Arnarstapa í gegnum tíðina og viðhorf ríkisins til eignarréttarlegrar stöðu jarðarinnar, sem eins sé farið um og Hellna og aðrar jarðir á svæðinu í sambærilegri stöðu varðandi legu og lýsingar á landamerkjum, til þess fallin að vekja lögmætar væntingar hjá stefndum og öðrum landeigendum á svæðinu til þess að jarðir þeirra séu undirorpnar beinum eignarrétti upp að vatnaskilum.

70. Venjuréttur, lögmætar væntingar og hefð falli hér saman og eigi að leiða til þess að öll þau réttindi sem fylgi umræddri eign tilheyri stefndum, en þeir og fyrri eigendur

Hellna hafi nýtt þau réttindi öldum saman. Sú viðtekna meginregla gildi í eignarrétti að ein eignarheimild getur stutt aðra. Hefð, venjuréttur og lögmætar væntingar styrki enn frekar þann rétt sem tiltekinn er í þinglýstum eignarheimildum.

71. Í ljósi ofangreindra heimilda telja stefnendur að þeir, með hliðsjón af framangreindum gögnum og fyrirliggjandi upplýsingum um staðhætti, gróðurfar og nýtingu, hafi réttmæta ástæðu til að ætla að það svæði sem lýst er í landamerkjabréfum þeirra sé fullkomin eign þeirra.

72. Með vísan til þess er að framan er rakið telja stefnendur að óbyggðanefnd hafi metið ranglega sönnunarögn málsins og ekki beitt lögum um réttarágreininginn með réttum hætti. Beri því að ógilda úrskurð nefndarinnar.

73. Auk þess telja stefnendur að þau hafi sannað beinan eignarrétt sinn að umræddu landi með framlagningu ofangreindra heimildarskjala, en íslenska ríkið hafi ekki sýnt fram á að það sé þjóðlenda.

74. Í þessu ljósi verði þjóðlendulög ekki skýrð á þá leið að stefnendur þurfi að sýna frekar fram á en þegar hafi verið gert að umrætt landsvæði, eins og það er afmarkað í landamerkjabréfum, sé utan þjóðlendu.

75. Stefnendur telja að tilgangurinn með lögum um þjóðlendu hafi fyrst og fremst verið sá að gera ríkið þinglýstan eiganda þeirra landsvæða sem enginn hefur skjöl fyrir að hann eigi, en svo hátti til um hluta afrétta og jökla á miðhálandi Íslands. Óbyggðanefnd eigi að finna út hver þessi eigendalaus svæði séu. Stefnendur hafa haft lögmætar væntingar til þess að svæðið sé eignarland og byggjast þær væningar meðal annars á landamerkjalykingu fyrir landamerkin á milli Hellna og Miðvalla frá árinu 1887 sem var gerð í fullu samræmi við þágildandi landamerkjalog, dómi vegna landamerkjadeilna á milli Miðvalla og Dagverðará, afsögðum 12. ágúst 1795 og upplesinn fyrir manntalsþingrétti að Brekkubæ 19. maí 1824, og útmælingu á Miðvöllum frá árinu 1833. Um aldir hefur verið á þessum lýsingum byggt og þær gerðar af handhöfum opinbers valds.

76. Óumdeilt ætti að vera að þrætusvæðið sé innan upphaflegs landnáms. Það standi því stefnda nær að sýna fram á og sanna að beinn eignarréttur á þessu landi hafi fallið niður. Sú óhóflega sönnunarbyrði sem óbyggðanefnd leggi á stefnendur með því að krefjast sannana um framsal eignarréttar á landinu allt frá landnámi standist ekki eignarréttarákvæði stjórnskrár né heldur mannréttindasáttmála Evrópu.

77. Stefnendur vísa til þess að landamerkjabréf fyrir jörðina hafi verið gerð í fullu samræmi við þágildandi landamerkjalog. Þannig séu þau gerð af handhafa opinbers valds. Í yfir hundrað ár hafi verið á þeim byggt. Stefnendur hafi haft lögmætar væntingar til þess að svæðið sé eignarland.

78. Þá hafi íslenska ríkið látið óátalið í allan þennan tíma að vefengja réttmæti eignarheimildir jarðanna, s.s nú hafi verið gert.

79. Þá horfi óbyggðanefnd framhjá því að sambærileg lönd, sem standa norðan og vestan við vatnaskil þau sem um ræðir, séu viðurkennd eignarlönd. Þrætusvæðið eigi að falla í sama flokk, enda sambærilegt land að gæðum og að uppruna og eignarréttur sambærilega skráður.

80. Stefnendur vísa til þess að það sé almenn lagaregla á Íslandi að beinn eignarréttur að jörð teljist sannaður með framvísun þinglesinnar eignarheimildar, sem styðst við eldri eignarheimildir, og frá þeirri reglu verði ekki vikið nema sá, sem vefngir réttmæti eignarheimildarinnar, sýni fram á betri rétt sinn eða annarra eða að eignarheimildin sé haldin slíkum göllum að hún verði ekki lögð til grundvallar dómi í máli um eignarréttinn. Slíkt eigi alls ekki við hér, enda byggist eignatilkall stefnenda á aldagömlum heimildum.

81. Við mat í málinu beri m.a. að hafa í huga að hvorki í texta þjóðlendulaganna né í undirbúningsgögnum laganna sé neitt sem bendi til að það hafi verið markmið löggjafans eða vilji að þeir landeigendur, sem áttu þinglýstar og þar með sannaðar eignarheimildir að löndum sínum skv. almennum sönnunarreglum, yrðu sviptir eignarréttindum sínum. Hvorki hlutlæg né huglæg túlkun laganna leiði til slíkrar niðurstöðu.

82. Hæstiréttur Íslands hafi í öðru samhengi orðað þá reglu, að mannréttindi sem verndar njóti verði ekki skert nema fyrir því sé skýr regla í settum lögum og reglan samræmist ákvæðum stjórnarskrár. Slíkt ákvæði sé ekki að finna í þjóðlendulögum, enda hafi ekkert komið fram við meðferð frumvarps til þjóðlendulaga á Alþingi, sem bendi til að stefnt hafi verið að því að svipta eigendur afrétta eignarrétti sínum. Framangreindur úrskurður óbyggðanefndar sé því brot á vernduðum rétti stefnenda skv. 1. gr. samningsviðauka nr. 1, sbr. 14. gr. MSE.

83. Stefnendur telja þá að málsmeðferð óbyggðanefndar brjóti gegn 6. gr. MSE um rétt til réttlátrar málsmeðferðar fyrir stjórnvöldum og dómi. Verði í lögum eða dómafordæmum mótaðar reglur um svo þunga sönnunarbyrði, einkum í dómsmálum borgaranna gegn ríkisvaldinu vegna mannréttindabrota þess, að útilokað sé eða nánast útilokað að borgararnir geti uppfyllt sönnunarkröfurnar, þá jafngildi það því að útilokað sé að þeir fái mannréttindi sín viðurkennd gagnvart ríkisvaldinu. Í umræddum úrskurði hafi óbyggðanefnd lagt svo þunga sönnunarbyrði á herðar stefnendum um sönnun á stofnun og framsali eignarréttar að þeim sé ókleift að standa undir henni. Með slíkum reglum um sönnunarbyrði um eignarrétt að landi, sem stefnendur og forverar þeirra hafi einir nýtt um aldir athugasemdalaust, sé komið í veg fyrir að þeir njóti réttlátrar málsmeðferðar fyrir stjórnvöldum.

84. Það leiði af 6. gr. MSE og skilyrðinu um réttláta málsmeðferð að úrskurðaraðilum sé skylt að rökstyðja niðurstöður sínar. Krafan um rökstuðning þjóni margvíslegum tilgangi, m.a. til að sýna aðilum máls fram á að röksemdum þeirra hafi verið veitt athygli, að gefa aðilum kost á að áfrýja máli til æðra dómstóls og gefa æðri dómstól færi á að endurskoða áfrýjaðan dóm. Stefnendur hafi ástæðu til að ætla að óbyggðanefnd hafi ekki haft til hliðsjónar niðurstöðu sinni röksemdir þeirra byggðar á eignarréttarákvæði MSE. Ítrekað í skriflegum sem munnlegum málflutningi fyrir óbyggðanefnd vísuðu stefnendur til sjónarmiða byggðra á MSE. Í forsendum sínum fyrir niðurstöðu sinni sé ekki einu orði vikið að framangreindum röksemdum. Þar sem nefndin hafi ekki tekið afstöðu til fyrrnefndra meginröksemda í málflutningi stefnenda hafi þeir ekki notið réttlátrar málsmeðferðar fyrir stjórnvöldum, svo sem þeim sé áskilið í 6. gr. MSE.

85. Að framangreindu virtu telji stefnendur að óbyggðanefnd hafi metið ranglega sönnunargögn málsins og lagt óhóflega sönnunarbyrði á stefnendur sem ekki fái staðist jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar og MSE. Beri því að ógilda úrskurð nefndarinnar.

Málsástæður og lagarök stefnda

86. Af hálfu stefnda er á því byggt að Snæfellsjökull og allt landsvæðið sunnan og austan Snæfellsjökuls, sbr. afmörkun í úrskurðarorðum óbyggðanefndar, þ.á m. það afmarkaða svæði sem dómkrafa stefnenda tekur til, sé svæði utan eignarlanda og teljist því þjóðlenda í skilningi 1. og 2. gr. laga nr. 58/1998 og í samræmi við úrskurð óbyggðanefndar.

87. Að mati stefnda er ljóst að allt landsvæðið sé utan landamerkjja aðliggjandi jarða, þ.á m. jarðarinnar Miðvalla.

88. Einnig megi ráða af heimildum að landsvæðið hafi aldrei verið undirorpið beinum eignarrétti og að nýting þess hafi ekki verið með þeim hætti. Hvíli því ótvírætt á stefnendum að sýna fram á og sanna stofnun og tilvist beins eignarréttar á svæðinu, en slík sönnun hafi ekki tekist að mati stefnda.

89. Þrátt fyrir að ágreiningur máls þessa varði einungis það afmarkaða svæði sem dómkrafa stefnenda taki til sé í greinargerð að nokkru fjallað heildstætt um allt það landsvæði sem úrskurðað var þjóðlenda í tilvísuðum úrskurði óbyggðanefndar. Að því marki sem við eigi sé fjallað sérstaklega um það afmarkaða svæði sem dómkrafa stefnenda taki til og heimildir um Hellnajarðir.

90. Stefndi geri forsendur og niðurstöður óbyggðanefndar að sínum til stuðnings sýknukröfu. Úrskurður óbyggðanefndar sé byggður á umfangsmikilli upplýsingaöflun og rannsóknum nefndarinnar, kerfisbundinni leit hennar að gögnum, framlögðum skjölum málsaðila, sem og skýrslum sem gefnar voru fyrir nefndinni.

91. Í úrskurði óbyggðanefndar sé réttilega bent á að við úrlausn málsins reyni fyrst og fremst á túlkun fyrirbyggjandi heimilda um merki þeirra jarða sem liggja að því landsvæði sem úrskurðað var þjóðlenda.

92. Stefndi byggi enda afmörkun þjóðlendukröfulínu á túlkun heimilda um landamerki aðliggjandi jarða, þannig að svæði utan þeirra teljist þjóðlenda. Gagnaðilar stefnda, þ. á m. stefnendur, telji hins vegar að jarðir þeirra nái inn á landsvæðið. Þessu til samræmis sé í úrskurði óbyggðanefndar að finna ítarlega umfjöllun um fyrirbyggjandi heimildir um landamerki aðliggjandi jarða og afstaða tekin til þess hvort merki þeirra teljist ná inn á þjóðlendukröfusvæðið.

93. Óbyggðanefnd hafi komist að þeirri niðurstöðu, sem fyrir segir, að þjóðlendukröfusvæði stefnda væri allt utan landamerkja aðliggjandi jarða, að frátöldum tveimur svæðum. Annars vegar taldist land jarðanna Miðvalla og Hellna ná aðeins norður fyrir suðurmörk þjóðlendukröfulínu stefnda vegna landsvæðisins sunnan og austan Snæfellsjökuls skv. heimildum um landamerki þessara jarða. Kröfulína stefnda hafði að þessu leyti verið dregin beint úr punkti í Stagfelli í punkt í norðvestanverðu Stapafelli. Að teknu tilliti til þessa hafi þjóðlendumörk verið að þessu leyti ákvörðuð svo, sbr. úrskurðarorð, bls. 139-140: „... í Stagfell og þaðan beint í efsta hluta Norðurhlíðar við Norðurgil sem blasir við úr Djúpugróf. Þaðan er línan dregin beint í merkjastrípu (stóran klett) í vesturhlíð Stapafells ...“. Hins vegar taldist land jarðanna Hamraenda og Grafar ná inn fyrir austurmörk þjóðlendukröfusvæðis stefnda vegna landsvæðisins sunnan og austan Snæfellsjökuls skv. heimildum um landamerki þessara jarða, þ.e. að fjallsbrúninni við Þórisshamar. Kröfulína stefnda hefði að þessu leyti verið dregin frá upptökum Hamraendalækjar, þaðan sjónhending í Þrísteyna og þaðan beint norður yfir Grafarhnjúk. Að teknu tilliti til þessa hafi þjóðlendumörk að þessu leyti verið ákvörðuð svo, sbr. úrskurðarorð, bls. 139-140: „... Frá upptökum Hamraendalækjar er línan dregin beina stefnu í Þórisshamar, þaðan er farið beint í Grafarhnúk ...“. Framangreint megi sjá af úrskurðarkorti óbyggðanefndar, þar sem mörk þjóðlendu og afréttar (rauð og græn lína) víkja frá þjóðlendukröfulínu (blá lína).

94. Þar sem ágreiningur hafi aðeins staðið um afmörkun jarðanna hafi að mati óbyggðanefndar ekki verið talin þörf á að fjalla nánar um eignarréttarlega stöðu þessara tveggja svæða. Hafi því verið hafnað að á þessum tveimur svæðum væri þjóðlenda og þau talin eignarlönd. Sé sú niðurstaða endanleg.

95. Að öðru leyti þótti það ekki eiga sér stoð í fyrirbyggjandi heimildum að landamerki aðliggjandi jarða næðu inn á þjóðlendukröfusvæði stefnda. Var því komist að þeirri niðurstöðu að þjóðlendukröfusvæðið, þ.e. landsvæðið sunnan og austan Snæfellsjökuls og Snæfellsjökull allur, væri allt utan landamerkja aðliggjandi jarða.

96. Að því er sérstaklega varðar landamerki jarðarinnar Miðvalla, og þar með það afmarkaða svæði sem dómkrafa stefnenda taki til, þá hafi óbyggðanefnd talið að heimildir um merki jarðanna Dagverðarár og Miðvalla styddu ekki að merki næðu lengra en í Stagfell, svo sem miðað hafi verið við í þjóðlendukröfu stefnda. Og var talið, sem fyrr segir, að heimildir um merki jarðanna Miðvalla og Hellna styddu að land jarðanna næðu að efsta hluta Norðurhlíðar við Norðurgil sem blasir við úr Djúpugróf, og þar með aðeins norður fyrir suðurmörk þjóðlendukröfulínu stefnda, en hins vegar ekki lengra. Voru þjóðlendumörk ákvörðuð því til samræmis.

97. Þá var talið að heimildir um merki jarðanna Hellna og Arnarstapa styddu ekki að land jarðanna næði lengra en í vesturhlíð Stapafells, svo sem miðað hafi verið við í þjóðlendukröfu stefnda. Þar sem merkjum á milli þessara efstu merkjapunkta, Stagfells, efsta hluta Norðurhlíðar og vesturhlíðar Stapafells, væri ekki lýst í fyrirbyggjandi heimildum og ekki væri fyrir að fara glöggum náttúrulegum skilum á borð við vatnaskil, sem eðlilegt væri að styðjast við, hafi óbyggðanefnd talið eðlilegast að draga beina línu milli þessara efstu punkta á merkjum jarða hvorum megin. Væri það í samræmi við það sem gert hefði verið í úrskurði nefndarinnar í máli nr. 8/2003 og staðfest af Hæstarétti í dómi réttarins í máli nr. 79/2007. Sjá bls. 131 í úrskurði óbyggðanefndar. Þjóðlendumörk hafi því að þessu leyti verið ákvörðuð svo, sbr. úrskurðarorð, bls. 139-140: „Þaðan er línan dregin úr jökuljaðrinum beina stefnu í Stagfell og þaðan beint í efsta hluta Norðurhlíðar við Norðurgil sem blasir við úr Djúpugróf. Þaðan er línan dregin beint í merkjastrípu (stóran klett) í vesturhlíð Stapafells ...“.

98. Óbyggðanefnd féllst þannig ekki á með stefnendum að merki jarða næðu svo langt inn á þjóðlendukröfusvæði stefnda eins og gert er ráð fyrir í dómkröfu stefnenda, sem gerir ráð fyrir að merki Hellnajarða séu frá „Merkja strýp sem er klettur í vestri hlíð Stapafells (p. 4), jökuls megin við Hjartað, þaðan í Fjallseggjar eftir vatnaskilum (p. 5) og þaðan í miðja Djúpugróf (p. 6)“, sbr. bls. 1 í stefnu.

99. Að teknu tilliti til niðurstöðu óbyggðanefndar um landamerki aðliggjandi jarða gagnvart landsvæðinu sunnan og austan Snæfellsjökuls var ekki talin ástæða til að kanna sérstaklega heimildir um afmörkun sömu jarða gagnvart Snæfellsjökli. Ljóst væri að umræddar jarðir ættu ekki land upp á jökulinn.

100. Um mat óbyggðanefndar á eignarréttarlegri stöðu landsvæðisins sunnan og austan Snæfellsjökuls sem taldist utan landamerkja aðliggjandi jarða, sbr. framangreint, vísist til bls. 132-140 í úrskurði nefndarinnar. Einnig vísist til umfjöllunar um eignarréttarlega stöðu Snæfellsjökuls á bls. 140-145. Séu þar raktar þær takmörkuðu heimildir sem liggja fyrir um nýtingu svæðisins og ráðstafanir á hlutum þess. Hafi það verið niðurstaða óbyggðanefndar að fyrirbyggjandi heimildir styddu ekki að svæðið væri undirorpið beinum eignarrétti. Snæfellsjökull og landsvæðið sunnan og austan Snæfellsjökuls væri því þjóðlenda.

101. Stefndi telur niðurstöðu óbyggðanefndar rétta og vísar til hennar og forsendna hennar til stuðnings sýknukröfu.

102. Af hálfu stefnda er á því byggt að landsvæðið sunnan og austan Snæfellsjökuls og Snæfellsjökull sjálfur, þ. á m. það afmarkaða svæði sem dómkrafa stefnenda tekur til, hafi verið utan landnáms. Af fyrirliggjandi frásögnum Landnámu verði engar afdráttarlausar ályktanir dregnar um að landnám hafi náð til svæðisins og því ósannað að það hafi verið numið í öndverðu.

103. Verði beinn eignarréttur talinn hafa stofnast í öndverðu með námi er á því byggt að sá beini eignarréttur, sem þannig kann að hafa stofnast, hafi síðar fallið niður og svæðið verið tekið til takmarkaðra nota, svo sem afréttarnota.

104. Að mati stefnda standi engin rök til þess að líta svo á að landamerki jarðarinnar Miðvalla nái lengra en miðað var við í úrskurði óbyggðanefndar, þ.e. að línu sem dregin er frá Stagfelli í efsta hluta Norðurhlíðar við Norðurgil sem blasir við úr Djúpugróf og þaðan beint í merkjastrípu (stóran klett) í vesturhlíð Stapafells. Hvað þá að rök standi til þess að líta svo á að landamerki nái eins langt og gert er ráð fyrir í dómkröfu stefnenda.

105. Í fyrirliggjandi heimildum séu efstu merkjapunktur Stagfell hvað varðar jarðirnar Dagverðará og Miðvelli, efsti hluti Norðurhlíðar við Norðurgil hvað varðar jarðirnar Miðvelli og Hellna og vesturhlíð Stapafells hvað varðar jarðirnar Hellna og Arnarstapa. Við þá merkjapunkta hafi verið miðað í úrskurði óbyggðanefndar og lína dregin þeirra á milli, sbr. framangreint. Vísist hér til heimilda um landamerki nefndra jarða sem fjallað sé sérstaklega um á bls. 125-131 í úrskurði óbyggðanefndar.

106. Ekki sé unnt að fallast á með stefnendum að miða beri merki jarðarinnar Hellna við jökul, vatnaskil og/eða fjallseggjar, eða að merki jarðarinnar nái að öðru leyti svo langt sem haldið er fram í stefnu. Ekkert í fyrirliggjandi heimildum um merki jarðarinnar eða annarra jarða, eða öðrum heimildum, gefi tilefni til að ætla að svo sé. Þar sé t.d. hvergi minnst á jökul.

107. Í stefnu sé vísað til svars sýslumanns Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, frá 15. janúar 1920, við fyrirspurn Stjórnarráðs Íslands um almenninga í sýslunni, þar sem segir að í sýslunni séu engir almenningar, heldur eingöngu heimalönd. Þá komi fram í lýsingu á Breiðavíkurstakalli í Sýslu- og sóknalýsingum Snæfellsnes: „Afréttarlönd mega hér engin heita, því síður almenningar, þar fjöllin eru ei annað en heimalönd.“ Til þess sé hins vegar að líta að fyrrgreindar eldri heimildir um landamerki jarða á svæðinu styðji ekki að jarðirnar nái inn á það svæði sem úrskurðað var þjóðlenda og að á svæðinu hafi einungis verið heimalönd jarða.

108. Að því er varði tilvísanir í stefnu til örnefnaskráa sé á það bent að örnefnaskrár séu í eðli sínu einhliða lýsingar einstaklinga á örnefnum og staðháttum á tilteknum svæðum sem safnað hafi verið af Örnefnastofnun og síðar stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Slíkar skrár geti vissulega komið til skoðunar þegar staðsetning tiltekins örnefnis eða kennileitis sé óljós eða um hana deilt. Örnefnaskrár verði hins vegar ekki lagðar til grundvallar beinum eignarrétti að landi. Eigi það ekki síður við þegar eldri heimildir renni ekki stoðum undir þær ályktanir sem kunna að vera dregnar af örnefnaskráum um beinan eignarrétt.

109. Hið sama eigi við um aðrar heimildir sem vísað sé til í stefnu, þ.e. þær geti ekki talist styðja að landamerki Miðvalla eða annarra jarða á svæðinu nái lengra en miðað hafi verið við í úrskurði óbyggðanefndar.

110. Að því er varðar aðrar heimildir vísist til umfjöllunar í úrskurði óbyggðanefndar, m.a. 5. kafla í úrskurðinum, þar sem heimildir um sögu landsvæðisins eru raktar. Ljóst sé að heimildir um landsvæðið og nýtingu þess séu takmarkaðar. Þær heimildir sem þó liggi fyrir gefi ekki annað til kynna en að merki jarða séu með þeim hætti sem gengið sé út frá í úrskurði óbyggðanefndar, og að síðan hafi tekið við svæði sem ekki sé undirorpið beinum eignarrétti, heldur hafi verið nýtt sem afréttur og til annarra takmarkaðra nota.

111. Til viðbótar framangreindu byggir stefndi á því að staðhættir, gróðurfar og fjarlægðir á svæðinu styðji ekki kröfu stefnenda um að merki jarða nái lengra en miðað var við í úrskurði óbyggðanefndar. Um þessi atriði vísast til bls. 98 í úrskurði óbyggðanefndar. Takmarkaðar heimildir um nýtingu svæðisins renni heldur ekki stoðum undir kröfu stefnenda.

112. Áréttað sé að öllum málsástæðum stefnenda sé mótmælt, þ. á m. málsástæðum er lúta að venjurétti, hefðarreglum og réttmætum væntingum. Ekki hafi verið fallist á slík sjónarmið í dómaframkvæmd og sé ekki unnt að líta svo á að þau styðji kröfu stefnenda um beinan eignarrétt.

113. Að því er sérstaklega varði málsástæðu stefnenda um beinan eignarrétt á grundvelli hefðar þá liggi engar heimildir fyrir um að á umþrættu svæði hafi verið búseta, auk þess sem ekkert liggi fyrir um að umráðum landsins hafi verið þannig háttáð að þau geti talist uppfylla kröfur 2. gr. hefðarlaga nr. 46/1905 um óslitið eignarhald á fasteign. Geti beinn eignarréttur að umþrættu svæði því ekki hafa stofnast fyrir hefð eftir gildistöku hefðarlaga nr. 46/1905. Í því sambandi verði og tekið fram að fyrir gildistöku hefðarlaga nr. 46/1905 hafi ekki verið unnt að stofna til eignarréttar á grundvelli hefðar. Þá hafi hefðbundin afréttarnot og önnur takmörkuð not ekki verið talin nægjanleg ein og sér til að hefða beinan eignarrétt að afréttum eða öðrum svæðum utan landamerkjara jarða.

114. Að því er varði umfjöllun í stefnu um ríkisjörðina Arnarstapa, viðhorf ríkisins um að eignarland jarðarinnar hafi náð að jökli og útleigu lóða til námureksturs, þá sé þeim

sjónarmiðum stefnenda sem þar komi fram mótmælt. Vísist í því sambandi til umfjöllunar þar að lútandi í úrskurði óbyggðanefndar.

Niðurstaða

115. Mál þetta er rekið samhliða þremur öðrum afar sambærilegum málum eins og rakið er í inngangi. Þær jarðir sem þar eiga í hlut eru að mestu leyti samliggjandi utan þess að jörðin Arnarstapi, sem er í eigu stefnda er á milli Miðvalla og Hellna annars vegar og Stóru-Hnausa og Hamraenda hins vegar eins og rakið er. Um tilkall þessara jarða til þess landsvæðis sem um er deilt er að langmestu leyti vísað til sömu röksemda og að miklu leyti jafnframt til sömu heimilda. Að því leyti verða úrlausnir dómsins í málunum keimlíkar en þó vitaskuld sérstaklega fjallað um sérsjónarmið sem gilda í hverju máli. Er þetta í samræmi við rekstur málsins fyrir óbyggðanefnd og einnig hér fyrir dómi þótt eðli máls samkvæmt sé rekið sérstakt mál hér fyrir dómi um hverja jörð fyrir sig.

116. Stefnendur byggja aðallega á því að land það sem hér er deilt um hafi frá landnámi verið beinum eignarrétti háð og sá eignarréttur hafi haldist allt til dagsins í dag. Niðurstaða óbyggðanefndar í málinu og dómkröfur stefnda ef á þær verður fallist brjóti því ótvírætt gegn eignarréttarákvæði stjórnskrár í 72. grein.

117. Í forsendum úrskurðar óbyggðanefndar sem hér er til umfjöllunar vísar nefndin m.a. til þess að í fyrri úrlausnum nefndarinnar hafi hún byggt á því að skýrar frásagnir Landnámu hafi sönnunargildi um tilvist eignarréttar en hins vegar hafi verið talið hæpið að af takmörkuðum lýsingum í Landnámu verði afdráttarlausar ályktanir dregnar um hvort í öndverðu hafi verið stofnað til eignarréttar yfir landsvæði með námi. Nefndin telur slík sjónarmið fá stuðning til að mynda í dómi Hæstaréttar frá 28. september 2006 í máli nr. 497/2005. Þá eru raktar frásagnir Landnámu sem varðað geti landsvæði það sem hér er til umfjöllunar. Ekki er ástæða til að rekja þá umfjöllun hér en af henni dró nefndin þá ályktun að af frásögnunum yrði ekki ráðið hvort ágreiningssvæðið hafi verið numið. Dómurinn fellst á þá niðurstöðu og telur að frásagnir í Landnámu leggi ekki grunn sem á er byggjandi við ákvörðun á því hvar eignarréttur yfir svæðinu liggur í dag. Heimildir eru fremur takmarkaðar og þar vegur þungt að ekki kemur fram í þeim frásögnum hversu hátt til fjalla landnám hafi náð. Í því sambandi vekur sérstaka athygli að hvergi er í lýsingum varðandi þær fjórar jarðir sem vísað er til hér að framan vísað til þess að jökull, þ.e. Snæfellsjökull, ráði með einhverjum hætti merkjum, þótt afar veikar vísbendingar komi fram um það í eldri heimildum varðandi Laugarholt, sem er hluti Hellnajarða, sbr. framangreint, en í Jarðabók Árna og Páls hafi þess verið getið að Laugarbrekka, ein Hellnajarða, hafi átt afrétt uppi undir jökli. Áhrif þessa á úrlausn málanna, gætir reyndar síður varðandi jarðirnar Hamraenda og Stóru-Hnausa þótt ekki sé óvarlegt að álykta að jökullinn hafi teygst sig lengra inn á það ágreiningssvæði við Landnám án þess að það skipti höfuðmáli.

118. Stefnendur byggja á því að með orðunum „í fjall upp“, t.d. í landamerkjabréfi Hellna frá 1887, sé átt við upp á hæstu fjallseggjar og vatnaskil á jöklinum. Jökulsins er þó

hvergi getið í heimildum um merki jarðanna, sbr. framangreint. Það er hins vegar að mati dómsins eðli máls samkvæmt iðulega gert í landamerkjabréfum jarða sem liggja að Snæfellsjökli vestan við ágreiningssvæðið og að norðanverðu eða þar getið örnefna í jökulbrúninni. Alvanalegt var samkvæmt gögnum málsins á þessum slóðum að lýsa merkjum í Snæfellsjökul berum orðum þar sem landeigendur töldu sig á annað borð eiga land að honum. Dómur telur þetta gefa afar sterkar vísbendingar um að merki jarðanna hafi ekki náð upp að jökli þar sem það á við í framangreindum málum og ekki upp að hæstu fjallseggjum og vatnaskilum þar sem það gæti átt við. Ekki verður þannig fallist á að snúa þessari stöðu við líkt og stefnendur telja rétt og ganga þannig út frá því að fjarvera þessara lýsinga skýrist af því að þær hafi þótt óþarfar vegna þess hversu sjálfsagðar þær hefðu verið. Það hlýtur að teljast síðri skýringarkostur í ljósi þess að hugur eiganda landsvæðis hlýtur ætíð að standa til þess að gera hlut sinn stærri frekar en minnka hann, eigi hann þess kost á grundvelli sæmilega traustra heimilda.

119. Telja verður þannig að eins og staðhættir eru á því svæði sem til úrlausnar er hefði í öllum tilvikum og allt frá Landnámi og til síðari tíma átt að blasa við að nota þessi augljósu og nokkuð varanlegu kennileiti og kennimörk frá náttúrunnar hendi til að lýsa landamerkjum jarðanna. Að þetta skyldi hvergi gert með skýrum hætti í gögnum málsins bendir eindregið til þess að eignarland jarðanna hafi ekki náð lengra en þvert á móti sannarlega má ráða af lýsingum merkja, sbr. síðari umfjöllun.

120. Stefnendur hafa að mati dómsins ekki lagt fram gögn eða rökstutt það að þessar ályktanir óbyggðanefndar séu rangar. Dómurinn telur enda enga ástæðu til annars en að slá því föstu að lýsingar í Landnámu eða síðari heimildum geti engan veginn ráðið úrslitum í máli þessu og sanni þannig ekki með beinum hætti eignarrétt stefnenda eða heimildarmanna þeirra á hinu umþrætta landi frá öndverðu. Stefnendur verða að bera hallann af því að sú sönnun hefur ekki tekist.

121. Þá verður ekki talið að draga megi þær ályktanir af fyrri lýsingum, með heimfærslu til staðháttar og fjarlægða, að hið umþrætta svæði sem hér er deilt um hafi verið eignarland að einhverju eða öllu leyti. Ræður þar nokkru framangreint sem aftur skal tíundað, að hvergi þannig að skipti máli er vísað til jökuls í þeim heimildum til ákvörðunar á efri mörkum þeirra jarða sem í hlut eiga í framangreindum málum. Einnig háttar svo til að fjallsbrúnir mynda nokkuð skörp skil milli fjallendis og láglandis á þessu svæði. Vísun til fjalla í landamerkjalyýsingum virðist því vísa miklu fremur til þeirra fjallsbrúna en til jökuls eða vatnaskila. Er það einnig svo að í landmerkjalýsingum á milli þeirra jarða sem hér eiga í hlut, sem og lýsingum á mörkum þeirra gagnvart aðliggjandi jörðum, er vísað gegnumsnæitt í kennileiti við mörk þess landsvæðis sem óbyggðanefnd úrskurðaði sem þjóðlendu, en lýsa ekki merkjum milli jarðanna ofar.

122. Dómurinn telur því ósannað að beinn eignarréttur hafi stofnast í öndverðu fyrir nám. Í raun mætti þá telja óþarft að fjalla sérstaklega um hvort hann hafi þá fallið niður síðar.

Önnur gögn málsins styrkja hins vegar þessa niðurstöðu og benda til þess að ekki hafi orðið breytingar af eða á frá Landnámi til okkar daga að þessu leyti.

123. Í þessu sambandi verður þó fallist á með stefnendum að það skjóti nokkuð skökku við að jarðir aðliggjandi þeim jörðum sem hér er fjallað um eigi allar eignarland upp að jökli, þar sem það eigi við, en ella, austar á nesinu þar sem jökli sleppir, upp að vatnaskilum. Til þessa hafi þannig samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum verið gengið út frá því að utan jökulsins sjálfs sé engar þjóðlendur að finna á Snæfellsnesi nema þann hluta sem hér er deilt um. Allt land á Snæfellsnesi hafi frá landnámi þannig verið undirorpið beinum eignarrétti. Engir almenningar og afréttir séu á svæðinu og nýting og búseta bendi til þess að allt land á svæðinu hafi verið nytjað allt frá landnámi og tilheyrt ákveðnum jörðum. Þessu til stuðnings vísa stefnendur einkum til sýslu- og sóknalýsingar frá 1839-1875 þar sem segir um Breiðavíkurbrepp að ekki séu þar afréttarlönd og því síður almenningar, þar sem fjöllin séu ekki annað en heimalönd, en einnig vísa þeir til svars sýslumannsins í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu við fyrirspurn Stjórnarráðs Íslands frá árinu 1920 um almenninga í sýslunni þar sem fram kemur að í sýslunni séu engir almenningar, heldur eingöngu heimalönd, og að lönd jarðanna norðan og sunnan Snæfellsnesfjallgarðsins jaðri hvarvetna saman á háfjallgarðinum að því er séð verði af landamerkjabók sýslunnar. Ekki séu til afréttarlönd í sýslunni í eigu sveitarfélaga og því sé hvergi í sýslunni um að ræða önnur upprekstrarlönd en heimalönd jarða. Svæðið sé ekki mjög hálent, allvel gróið, og frekar einsleitt, og því ekki rök til að efast um að landnámslýsingar nái yfir það.

124. Stefnendur telja þannig engin rök hníga að þeirri niðurstöðu að kröfusvæðið hafi aðra eignarréttarlega stöðu en aðrar jarðeignir á Snæfellsnesi sem almennt hafi verið viðurkennt sem eignarland.

125. Stefnendur telja að um þetta atriði, þ.e. einkum samanburð á milli þeirrar jarðar sem um er fjallað og aðliggjandi jarða, liggi fyrir nokkuð afdráttarlaus leiðsögn í dómi Hæstaréttar í máli nr. 41/2020 sem kveðinn var upp 13. október sl., og varðar Þóreyjartungur. Í því máli taldi meirihluti Hæstaréttar að ekkert hefði komið fram í málinu sem gæti stutt það að munur yrði gerður á því svæði sem til úrlausnar var og öðrum aðliggjandi svæðum og staðfesti því dóm meirihluta Landsréttar sem sneri niðurstöðu héraðsdóms sem hafði staðfest niðurstöðu óbyggðanefndar um að Þóreyjartungur væru þjóðlenda með því að sýkna íslenska ríkið.

126. Af dómum Hæstaréttar í gegnum tíðina í þjóðlendumálum má draga þá ályktun að þetta er atriði sem skipt getur verulegu máli og jafnvel höfuðmáli, þ.e. hvernig farið hefur verið með aðliggjandi landsvæði. Í forsendum sínum í framangreindu máli vísar Hæstiréttur til fjölda slíkra mála, sbr. 18. lið þess dóms. Af dómnum, bæði atkvæði meirihluta og minnihluta réttarins, líkt og öðrum niðurstöðum Hæstaréttar, verður einnig mjög skýrt ráðið að niðurstaða í málum sem þessum ræðst alla jafnan á heildarmati á fyrirbyggjandi gögnum og sjónarmiðum.

127. Að mati dómsins skilur á milli þess máls sem hér er til umfjöllunar og framangreinds máls einkum tvennt, annars vegar landfræðileg rök og staðhættir sem rökstyðja að mati dómsins önnur viðmið við ákvörðun á merkjum þessara jarða heldur en aðliggjandi jarða og hins vegar skortur á eldri gögnum sem gætu gefið vísbendingar um að sama gildi um þær jarðir sem hér er fjallað um. Gögn í máli þessu gefa þvert á móti vísbendingar um hið gagnstæða.

128. Margtilvísað svar sýslumanns, sem vissulega var afdráttarlaust samkvæmt orðalagi, um að engir væru afréttir heldur einungis heimalönd, sem og lýsing í sýslu- og sóknalýsingum 1939, megna ekki að hnekkja þeim heimildum sem fyrir liggja um landamerki jarðanna sem í hlut eiga, en engar lýsingar á merkjum jarðanna er að finna í tilvísuðum gögnum eða getið annarra eldri heimilda en þeirra sem óbyggðanefnd fjallaði um og taldi, líkt og fallist verður hér á, ekki benda til þess að þessar yfirlýsingar hafi gefið réttari mynd af réttarstöðu aðila en þær sem birtast með nokkuð afgerandi hætti í öðrum gögnum málsins.

129. Fjallað er um vesturmerki Miðvalla á bls. 116-117 í úrskurði óbyggðanefndar, en aðliggjandi jörð er þar Dagverðará. Ekki er þar um auðugan garð að gresja og ekki liggur fyrir landamerkjabréf milli jarðanna, en lýst er svokölluðu ástæðuþingi sem haldið var 12. ágúst 1795 á landamerkjum á milli Miðvalla og Dagverðarár vegna þrætu um landamerki milli jarðanna. Niðurstöðu málsins er þar lýst þannig varðandi þetta atriði sérstaklega: „Þá í an[l]eding af ollu þessu álitist fyrir Rétt: Ad landamerki milli kongsjardarinnar Midvalla og Proprietair [svo] Jardarinnar Davardará [svo] skulu hier eptir álítast, ad ofan i midt Stagafell og ad nedan í Steinin[n] í ána Siónhending, so ad Midvellir eige alt þar fyrir Austan, og Davardará ad vestan.“ Stagfell er nyrsta örnefnið sem þarna er getið um á merkjum Dagverðarár og Miðvalla og virðist hafa verið óumdeilt og hafi öllum borið saman um að merkin lægju um Stagfell. Í þessu sambandi vekur athygli að lýsing á næstu merkjum Dagverðarár og Malarrifs vestar, er lýst í landamerkjabréfum afdráttarlaust upp í Merkihrygg upp í jöklinum, en á slíku örlar ekki þegar lýst er merkjum Miðvalla og Dagverðarár.

130. Dómurinn telur engin efni til annars en að styðjast við framangreindar heimildir í ljósi þess að ekki er öðrum til að dreifa og því verið hafnað að ágreiningslandið sem ofar stendur hafi verið numið í öndverðu eða síðar verið undirorpið beinum eignarétti Miðvalla.

131. Nokkuð ítarlega er fjallað um austurmerki Miðvalla gagnavart Hellnum á bls. 117-120 í úrskurði óbyggðanefndar. Þar er í raun ekkert að finna sem hér getur skipt sköpum að mati dómsins.

132. Landamerkjabréf fyrir Hellna frá 27. ágúst 1887, lýsir þessum nyrstu merkjum þannig að þau endi úr svokallaðri Djúpugróf og beint í fjall upp, „miðja Djúpugróf beint

í fjall upp“. Ekki er í málinu deilt um hvar umrædd Djúpagróf í þessu máli, sem er rétt sunnan við kröfulínu íslenska ríkisins. Fallist verður á það með óbyggðanefnd og stefnda þar með, að ekki sé hægt að leggja til grundvallar að með framangreindri lýsingu sé vísað til jökulróta eða eftir atvikum vatnaskila. Önnur gögn styðja ekki þá niðurstöðu að mati dómsins andspænis því að þótt fjarlægð úr Djúpugróf og upp að næstu fjallsegg sé fremur lítil, standi líkur til þess að við hana sé þó fremur miðað með þessari lýsingu. Fjallað er í hinum umþrætta úrskurði um hvar „þríostrarhlíð“ sé sem nokkuð er vísað til í heimildum. Óbyggðanefnd kemst að því í rökstuddri umfjöllun, að þar sé átt við sem í dag er Miðvallahlíð, sem sé í samræmi við útmælingu Miðvalla frá árinu 1833 þar sem merkjum jarðarinnar er lýst í miðja „hrjóstrarhlíð“. Miðvallahlíð og Norðurhlíð rísa nokkuð skarpt upp frá Djúpugróf og mynda nokkurs konar fjallsbrún í svipaðri hæð og Stagfell sem er aðeins vestar. Fyrir ofan hlíðarnar er landið aflíðandi upp að Snæfellsjökli. Því má segja að nokkuð skörp náttúruleg skil séu á landinu efst í Miðvalla- og Norðurhlíð. Dómurinn fór ekki sérstaklega þá göngu og ekki talin þörf á en óbyggðanefnd lýsir því sem fyrir augu bar í vettvangsferð óbyggðanefndar 11. júní 2019 en þar blasi við efsti hluti Norðurhlíðar þegar horft er norður úr Djúpugróf. Hann sést jafnframt vel í landslaginu þegar horft er norður frá þjóðveginum í landi Miðvalla, enda stendur efsti hluti Norðurhlíðar nokkuð hærra en Miðvallahlíð við Norðurgil sem skilur hlíðarnar í sundur. Eins og fyrr er lýst átti samkvæmt Jarðabók Árna og Páls Laugarbrekka, ein Hellnajarða, afrétt upp undir jökli. Selstöðu, notaða af Hellnajörðunum Gíslabæ og Brekkubæ, hafi hins vegar verið að finna í „eiginlandi, þar sem heitir ofanvert við Háaborg“. Einnig er getið um forna selstöðu Öxnakeldu í Heljarkinn í norðvestanverðu Stapafelli. Fallist er á að þetta bendi til þess að greinarmunur hafi verið gerður annars vegar á svæðinu ofanvert við Háaborg, þar sem nú heitir Miðvallahlíð og Norðurhlíð, og norðvestanverðu Stapafelli, sem hafi talist til eignarlands Hellnajarða, og hins vegar afréttar upp undir Snæfellsjökli.

133. Með vísan til framangreinds og umfjöllunar í úrskurði óbyggðanefndar og að teknu tilliti til þess sem rakið er um staðhætti og samanburðarskýringar á landamerkjabréfum á vestanverðu Snæfellsnesi er fallist á þá niðurstöðu óbyggðanefndar að með orðunum „í fjall upp“ í landamerkjabréfi Hellna frá 1887 hafi verið átt við efsta hluta Norðurhlíðar við Norðurgil, sem blasir við úr Djúpugróf. Byggir þetta og á skoðun á staðháttum og landslagi sem bendir sterklega til kynna að átt sé við efsta hluta Norðurhlíðar við Norðurgil, sem blasir við úr Djúpugróf, í stað þess að vísa til lands ofar sem afar veikar vísbendingar erum um að hafi þar verið undir. Heimildir um takmörkuð eignarréttindi s.s. um afrétt Laugarbrekku undir jökli sem þó er ekki staðsett nákvæmlega og selstöður Hellnajarða geta engu breytt í þessum efnum, settar í samhengi við önnur gögn málsins.

134. Aðrar heimildir styðja ekki að mati dómsins að merki jarðarinnar Miðvalla nái norðar og ofar heldur en þarna er skýrt afmarkað. Dómaframkvæmd Hæstaréttar styður að við aðstæður sem þessar, verði línur dregnar milli efstu punkta í merkjum milli jarða eins og þeim er lýst og næst verður komist, enda ekki öðrum veigamiklum gögnum til að dreifa sem gera aðra niðurstöðu réttari.

135. Þá verður því hafnað með sömu rökum og fram kemur í úrskurði óbyggðanefndar að tilvísað minnisblað frá Ríkiseignum, dagsett 25. febrúar 2019, um afmörkun á merkjum Arnarstapa og að þau næðu upp í jökulrætur, hafi sjálfstæða þýðingu við mat á eignarréttarlegri stöðu svæðisins, sbr. einkum um þá stöðu á bls. 135-137 í úrskurðinum. Þar virðist hafa verið miðað við að frá efstu lýstu mörkum í austri og vestri, sem hafi verið lýst upp í fjallshlíðar, hafi lína verið dregin upp í jökulrætur, en slíkt hafi verið gert í viðræðum við Snæfellsbæ árið 2003. Þessi afmörkun á þeim tíma virðist hafa verið án mikillar innistæðu og var ekki til þess fallin að mati dómsins að vekja upp lögmatar væntingar hjá eigendum aðliggjandi jarða til stuðnings auknum eignarheimildum þeirra yfir landinu andspænis þeim heimildum sem fyrir liggja.

136. Dómurinn telur því að fyrirbyggjandi heimildir bendi eindregið til að landamerki jarðarinnar liggja utan ágreiningssvæðisins, en ekkert bendir til þess að landið sem ágreiningur er um hafi sjáanlega verið hluti af jörð eða jörðum og verið beinum eignarrétti háð.

137. Engin afdráttarlaus gögn eru um það í málinu, að nytjar á hinu umþrætta svæði hafi verið aðrar en beitarnot og væntanlega veiði og eftir atvikum berja- og grasatínsla, a.m.k. eru engar heimildir um að nytjar hafi verið aðrar en hefðbundnar afréttarnytjar og eftir atvikum á landi sem engum eignarrétti er háð. Nytjar á landinu styðja þannig ekki kröfur stefnenda og ekki tryggja heimildir um að þeir eða forverar þeirra hafi á einhverjum tíma bannað öðrum nytjar á landi, s.s. til upprekstrar, eða talið sig vera í stöðu þess. Þá eru engar heimildir um að búseta hafi verið á svæðinu eða það hluti jarðar stefnenda.

138. Ekki verður fallist á með stefnendum að lýsingar í örnefnaskrá, sem vísað er til m.a. í stefnu málsins, geti skipt sköpum í málinu, þar sem þær eru ekki gerðar í þeim tilgangi að afmarka með neinum hætti merki jarða og engum aðferðum beitt við þær sem skapað geti þeim grundvöll til að hafa slíka réttarverkan. Jafnframt er þar eðli máls samkvæmt oftast en ekki um að ræða einhliða lýsingar einstaklinga á örnefnum og staðháttum. Með slíkum skrá, sem hvorki eru áritaðar um samþykki eigenda aðliggjandi jarða né þeim þinglýst, varð ekki aukið við land eða stofnað til eignarréttar. Öðru máli gegnir ef örnefnalýsingar styðja við önnur marktækari gögn um merki, en sú er ekki raunin hér heldur þvert á móti, varðandi þau atriði sem tekist er á um.

139. Stefnendur vísa þá til reglna sem gilda um hefð en telja þó að hefðarreglur leiði til þess að eignarréttur sem stefnendur eða forverar þeirra hefðu átt í landinu hefði styrkst.

140. Hvernig sem á það verður litið þá er áréttað að engar heimildir liggja fyrir um að á umþrættu svæði hafi verið búseta, auk þess sem ekkert liggur fyrir um að umráðum landsins hafi verið þannig háttáð að þau geti talist uppfylla kröfur 2. gr. hefðarlaga nr. 46/1905 um óslitið eignarhald á fasteign. Verður því hafnað að beinn eignarréttur að umþrættu svæði hafi getað stofnast fyrir hefð eftir gildistöku hefðarlaga nr. 46/1905. Sem

fyrir segir virðast not eigenda Hellnajarða og þess vegna annarra aðliggjandi jarða hafa verið eftir atvikum hefðbundin afréttarnot og önnur takmörkuð not, þess eðlis að ekki hafi verið talin nægjanleg ein og sér til að hefða beinan eignarrétt að afréttum eða öðrum svæðum utan landamerkja jarða.

141. Þá telur dómurinn ekki efni til að fallast á þau sjónarmið stefnenda að þær kröfur sem á þá hafi verið lagðar til sönnunarfærslu í málinu séu svo óhóflegar að þær standist hvorki eignarréttarákvæði stjórnarskrár né mannréttindasáttmála Evrópu. Verður enda ekki séð að á stefnendur í þessu máli hafi verið lagðar ríkari sönnunarkröfur en gerðar hafa verið í þeim fjölda svokallaðra þjóðlendumála sem dómstólar og þá oftár en ekki Hæstiréttur hefur fjallað um frá gildistöku laga nr. 58/1998. Sönnunarreglur leiða til þess að sönnunarbyrði um tilkall til eignarréttar á landi hvílir á þeim sem slíkt tilkall gera. Stefnendur hafa ekki sýnt fram á það í máli þessu að hið umdeilda landsvæði sé eignarland þeirra, hvorki fyrir nám, löggerninga né með öðrum hætti. Samkvæmt því, og þar sem ekki verður annað séð en að óbyggðanefnd hafi við málsmeðferð sína gætt að reglum stjórnisýslulaga nr. 37/1993 og laga nr. 58/1998 um þjóðlendum, s.s. með ítarlegum og vönduðum rökstuðningi og hefðbundinni sönnunarfærslu, sem hvorki verður talin hafa falið í sér mismunun gagnvart stefnendum af nokkur tagi né brotið gegn reglum um réttláta málsmeðferð, verður úrskurði óbyggðanefndar ekki haggð.

142. Stefnendur hafa lagt fram ný gögn í málinu umfram gögn sem lágu frammi við meðferð málsins fyrir óbyggðanefnd en þau breyta í engu niðurstöðu málsins að mati dómsins og ekki vísað til þeirra sérstaklega við aðalmeðferð málsins. Öllum málsástæðum stefnenda verður því hafnað en í því sambandi athugist að um þær sem lúta að almennum atriðum, s.s. um hvort réttindi hafi verið hefðuð, sæki stoð til venju eða byggi á ákvæðum mannréttindasáttmála Evrópu og dómaframkvæmd Mannréttindadómstóls Evrópu hefur aukinheldur verið fjallað í dómum á æðra dómstigi og þykir ekki ástæða til frekari umfjöllunar hér enda veitir engin þeirra málalíbúnaði stefnenda teljandi stuðning að mati dómsins sbr. framangreint.

143. Stefndi verður því sýknaður af dómkröfum stefnenda í máli þessu.

144. Rétt er að málskostnaður falli niður. Allur gjafsóknarkostnaður stefnenda greiðist úr ríkissjóði, þ.m.t. málflutningsþóknun lögmanns þeirra, Ólafs Björnssonar lögmanns, 1.750.000 krónur sem ákveðin er án virðisaukaskatts. Við ákvörðun þóknunar er litið til þess að lögmaðurinn fer með öll framangreind mál við dóminn nr. E-122/2020, E-123/2020, E-124/2020 og E-125/2020, sem öll voru rekin samhliða og eru náskyld að efni og formi.

145. Málið fluttu hæstaréttarlögmennirnir Ólafur Björnsson fyrir stefnendur og Andri Andrason fyrir stefnda.

Lárentsínus Kristjánsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

D ó m s o r ð

Stefndi, íslenska ríkið, er sýkn af kröfu stefnenda.

Málkostnaður fellur niður.

Allur gjafsóknarkostnaður stefnenda greiðist úr ríkissjóði, þar með talin. málflytningsþóknun lögmanns þeirra 1.750.000 krónur.